

## FUNDARGERÐ

251. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 22. febrúar og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Diljá Ámundadóttir, Mörður Áslaugarson, Þráinn Óskarsson, Sigurður Helgi Birgisson, Jón Ólafsson, Aron Ólafsson og Nanna Kristín Tryggvadóttir. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð

Fundargerð 250. stjórnarfundar var borinn upp og var samþykkt.

### 2. Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu RÚV í janúar. Tekjur í mánuðnum voru 60 m.kr. hærri en áætlað var vegna góðrar auglýsingasölu, m.a. vegna HM handbolta og fleiri dagskrárlíða. Rekstrargjöld voru almennt í takt við áæltun, neikvætt frávik var þó vegnahúsrekstrakostnaðar, táknumálstulkunar o.fl. Frávikið er neikvætt um tæplega 4 m.kr. í heildina. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 12,8 m.kr., þar af 9 m.kr. vegna gengislækkunar og tæpar 4 m.kr. vegna verðbólgu. Afkoman í mánuðnum var neikvæð um 26 m.kr. en gert hafði verið ráð fyrir um 70 m.kr. tapi. Afkoma mánaðarins var því 44 m.kr. betri en áætlað var.

### 3. Minnispunkar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir helstu niðurstöðum árlegrar vinnustaðagreiningar hjá RÚV og hvernig unnið væri með niðurstöður hennar innan einstakra eininga og heilt yfir. Niðurstaðan fyrir RÚV er almennt góð, bæting á mörgum mælikvörðum milli ára. Eftir sem áður væru ýmsar áskoranir, þar á meðal vegna sí- og endurmenntunar og samvinnu milli sviða og eininga þar sem unnið væri að úrbótum.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir fundi með ráðherranefnd um íslenska tungu, sem skipuð var í nóvember á síðasta ári. Henni er ætlað að efla samráð og samstarf milli ráðuneyta um málefni íslenskrar tungu og tryggja samhæfingu þar sem málefni skarast. Lögð er sérstök áhersla á að börn og ungmenni nýti tungumálið og á stuðning við börn af erlendum uppruna. Á fundi nefndarinnar kynnti útvarpsstjóri sex atríði á vegum RÚV sem öll leika mikilvægt hlutverk í því að styðja við íslenska tungu og tengjast beint áherslum nefndarinnar. Þar á meðal eru dagskrárgerð og verkefni fyrir börn og ungmenni, samstarfsverkefni norrænu sjónvarpsstöðvanna um framleiðslu á efni fyrir börn og ungt fólk, fréttu- og upplýsingabjónustu á pólsku og ensku, aðkoma að máltaekniverkefnum og áframhaldandi þróun MenntaRÚV og framleiðsla á efni til kennslu fyrir grunn- og framhaldsskóla.

Útvarpsstjóri upplýsti að þröstur Helgason myndi láta af starfi dagskrárstjóra Rásar 1 í lok febrúar og starfið hefði verið auglýst laust til umsóknar. Þórunn Elísabet Bogadóttir aðstoðardagskrárstjóri mun gegna starfi dagskrárstjóra þar til nýr dagskrárstjóri tekur til starfa.

Þá fór útvarpsstjóri yfir áhrif yfirstandandi verkfalls á starfsemi RÚV og kom þar fram að undanþága hefði fengist vegna starfsemi sem tengist miðlun fréttu og upplýsinga og vegna reksturs dreifikerfis.

Loks var fjallað um yfirstandandi Söngvakeppni sjónvarpsins sem fram fer um þessar mundir í Söngvakeppnishöllinni í Gufunesi.

Stjórnarmaður óskaði eftir upplýsingum af hverju RÚV sé verið að horfa til þess að senda segulböndin til Belgíu og láta yfirfæra þau þar en ekki hér á landi. Útvarpsstjóri nefndi að aðilarinnir þar byggðu yfir

En Vala  
Vilhjálf

JH  
þó.  
STR

WT

SOK  
AO

mikilli sérþekkingu um slíka yfirfærslu sem væri ekki finna hér á landi og aðrir miðlar, t.d. í Danmörku og í Hollandi, hafi sent sín segulbönd þangað.

Stjórnarmaður benti á að upplýsingar um stjórnendur/framkvæmdaráð inn á heimasíðu RÚV þyrfti að vera skýrari.

#### 4. Önnur mál

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir stöðu vinnu við endurskoðun á skipulagi RÚV, í kjölfar samþykktar nýrrar stefnu. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu á vormánuðum

Útvarpsstjóri upplýsti um greiðslur fyrir gagnrýni í sjónvarpi í kjölfar umfjöllunar um greiðslur til pistlahöfunda í útvarpi. Greitt er fyrir umfjöllun um bækur í Kiljunni 50 þús. kr. per þátt.

Stjórnarmaður fór yfir störf starfshóps stjórnar um upplýsingaöryggismál og kom með ábendingar og athugasemdir um aðgang starfshópsins að gögnum sem því tengjast. Útvarpsstjóra falið að vinna áfram í málinu í samráði við formann starfshópsins.

Í tengslum við fyrirspurn á síðasta fundi stjórnar um menntun starfsfólks fréttastofu og umræður á þessum fundi um jafnlaunamál og launakjör almennt á RÚV var ákveðið að mannauðsstjóri kæmi á næsta fund með upplýsingar um þessi atriði.

Stjórnarmaður kom með ábendingu hvort það væri ekki mikilvægt að RÚV myndi vinna sviðsmyndir ef fjármögnun RÚV tæki verulegum breytingum.

Ákveðið var að veita skrifstofustjóra umboð til þess að finna heppilega dagsetningu í samráði við ráðherra um aðalfund RÚV sem yrði haldinn eftir miðjan apríl.

Næsti fundur verði líklega haldinn 17. mars nk. þar sem ársuppgjörið verði kynnt og fundarboð verði sent um leið og það fengist staðfest frá fjármáladeild.

Fundi slitið.

Silja S. Gunnarsdóttir

Aina Ólafsson

Torgný Tryggvadóttir  
Jórun Óskarsdóttir

Sigurður H. Þorsteinsson

Dilja Árnadóttir Zoëga

Jón Ólafsson

SEÐ Valgerð Viðarsdóttir